

Flokkur fólksins óskar upplýsinga um hvaða kröfur Reykjavíkurborg geri til gæða undirlags malbiks í ljósi þess að nagladekkjum er kennt um flestar skemmdir í malbiki og einnig að vera helstu orsakir svifryks?

Greinargerð

Ekki er hægt að kenna nagladekkjum um allt þegar kemur að malbikunarskemmdum. Iðulega má kenna um mistök í malbikunarferlinu. Dæmi eru um að undirlag sé of þunnt sem er þá ekki hannað til að bera þá þyngd sem vegurinn á að bera, umferð bíla og strætó. Dæmi hafa einnig verið um að malbikið sé of þunnt en þegar bæði undirlag og malbik eru of þunn þá skriður malbikið hreinlega undan þunganum og verður eins og vax. Þetta má vel sjá á sérreinum strætó og ekki eru strætisvagnar á nagladekkjum. Hættulegar holur myndast sem sjá má glögg á sérreinum strætó. Þetta er sambærilegt því að byggja 15 hæða hús á undirlagi/grunn ætlað 5 hæða húsi.